

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi og hverfisskipulagi í Reykjavíkurborg.

Skógarhlíð - USK23020357.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. desember 2024, breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar. Í breytingunni felst að afmörkum deiliskipulagssvæðisins er stækkuð til norðausturs til þess að ná utan um breytingar á lóðum í tengslum við uppbyggingu nýs göngu- og hjólastígs. Þá er lóðarmörkum breytt í samræmi við gildandi lóðauppdraetti og mæliblöð. Jafnframt er bílastæðum fækkað á lóðum Skógarhlíðar nr. 22 og fyrirkomulagi bílastæða á bílastæðalóð við enda Skógarhlíðar, austan við Skógarhlíð nr. 20, breytt og stæðum fjölgað. Bílastæðalóðir austan við Skógarhlíð 20 falla út og í kjölfarið færast bílastæði yfir í borgarland. Bílastæðum á lóð Eskihiðar 24-26 er fækkað um 1 stæði og þá stækkar lóð við Skógarhlíð 20 til suðvesturs og austurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurstígsreitir - Norðurstígur 3 – USK25010328.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 30. janúar 2025, breytingu á skilmálum deiliskipulags Norðurstígsreits vegna lóðarinnar nr. 3 við Norðurstíg. Í breytingunni felst leiðrétting á skilmálum er varðar byggingarmagn og nýtingarhlutfall. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klettasvæði - Klettagarðar 15-17 – USK24100035.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. febrúar 2025, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 15-17 við Klettagarða. Í breytingunni felst að breyta lögun byggingarreits norðan við núverandi byggingar ásamt því að fyrirkomulag bílastæða er ekki bindandi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sundin, reitir 1.3 og 1.4 - Efstasund 59 – USK25010299.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 13. mars 2025, breytingu á deiliskipulagi Sundanna, reita 1.3 og 1.4 vegna lóðarinnar nr. 59 við Efstasund. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðvesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellidaárdalur - USK24090074

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 13. mars 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni sem lögð er til felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstjórn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegar breytast til samræmis við þessa afmörkun. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vesturhöfn (Örfirisey) - Fiskislóð 33 – USK24120073.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. apríl 2025, breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 33 við Fiskislóð. Í breytingunni felst að auka nýtingarhlutfall og hækka hámarkshæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýr Landspítali við Hringbraut – Rannsóknarhús - USK25040173.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 10. apríl 2025, breytingu á skilmálum deiliskipulags Nýs Landsspítala við Hringbraut fyrir Rannsóknarhús, byggingu nr. 22, er varðar hámarksstærð. Í breytingunni felst að tölulegum stærðum í skilmálatexta varðandi byggingarmagn er aukið sem nemur 1.000 m². Ástæða breytinganna er að loka á utandyra afgangsrýmum fimmtu hæðar, sem eru á milli tæknirýma, með því að loka þakopum og nýta undir skrifstofurými eftir því sem umfang rannsókna eykst og rannsóknarrými á neðri hæðum stækka. Umfang og útlit Rannsóknarhússins, þ.e. hæðir og breiddir, mun haldast óbreytt og innan marka sem byggingareitur, hæða- og þakkótar segja til um. Heildarstærð Rannsóknarhússins verður 19.800 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Árbær, hverfi 7.1 Ártúnsholt - Straumur 9 – USK23120094.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 13. mars 2025, breytingu á hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt, vegna lóðarinnar nr. 9 við Straum. Í breytingunni felst að stækka lóð til austurs, skilgreina nýja byggingarreiti á austurhluta lóðar þar sem heimilt verður að reisa opna þvottabása og spennistöð ásamt búnaði til hleðslu rafbíla og hækka nýtingarhlutfall. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurhólar 10 - Hólabrekkuskóli - USK25030318.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. mars 2025, breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts BH6, Efra Breiðholt, vegna lóðarinnar nr. 10 við Suðurhóla, Hólabrekkuskóli. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreina svæði innan núgildandi takmarkaðs byggingarreits á lóð Hólabrekkuskóla fyrir tímabundnar færanlegar kennslu- og kjarnaeiningar, hentugar fyrir grunnskólastarfsemi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr. sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 22. apríl 2025.

Björn Axelsson.